

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Dagsetning: 20.04.2012
Málsnúmer: EVR12030101
Bréfalykill: 12.1

Alþingi
Erindi nr. P 140/2003
komudagur 30.4.2012

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992
- Auknar heimildir SÍ til upplýsingaöflunar -**

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 18. apríl sl. kynntu fulltrúar efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Á fundinum var óskað eftir frekari upplýsingum um þær tillögur í frumvarpinu er lúta að auknum heimildum SÍ til upplýsingaöflunar í þágu eftirlits.

Heimildir SÍ til upplýsingaöflunar

Í 14. gr. gjaldeyrislaga er fjallað um heimildir SÍ til upplýsingaöflunar í tengslum við eftirlit og hljóðar hún svo:

"Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti, að viðlögðum dagsektum skv. 15. gr. h. Að sama skapi ber að veita bankanum allar nauðsynlegar upplýsingar til hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða ."

Í 1. mgr. 15. gr. e er síðan fjallað um heimild SÍ til upplýsingaöflunar í tengslum við rannsókn mála og hljóðar hún svo:

"Í tengslum við rannsókn mála er Seðlabanka Íslands heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarkar ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið. Seðlabankinn getur kallað til skýrslugjafar einstaklinga sem hann telur búa yfir upplýsingum er varða rannsókn málsins."

Verði frumvarpið að lögum mun 14. gr. gjaldeyrislaga hljóða svo:

"Skylt er að veita Seðlabanknum allar þær upplýsingar sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti, að viðlögðum dagsektum skv. 15. gr. h. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarkar ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Að sama skapi ber að veita bankanum allar nauðsynlegar upplýsingar til hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða ."

Með breytingunni er því verið að útvíkka gildissvið 14. gr. þannig að hún taki ekki bara til eftirlits vegna "gjaldeyrisviðskipta". Mikilvægt er fyrir Seðlabankann að geta óskað eftir annars konar upplýsingum til að bankanum sé unnt að framkvæma hið lögbundna eftirlit með fullnægjandi hætti. Með breytingunni verða heimildir Seðlabankans til öflunar upplýsinga vegna eftirlits þær sömu og að því er varða rannsóknir vegna meintra brota á ákvæðum laganna.

Heimildir FME til upplýsingaöflunar.

Um heimildir FME til upplýsingaöflunar er fjallað í lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem og í sérlögum sem skoða má til samanburðar við heimildir SÍ.

Sem dæmi má nefna að í 1. og 2. mgr. 107. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 segir:

"Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í IV. kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, auk eftirlits með eigendum virkra eignarhluta skv. VI. kafla. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánnum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki."

Líkt og sjá má hefur FME víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar vegna eftirlits.